

Upplýsingatæknibúðir - Samfélagsmiðlar

Markmið verkefnis

Nemendur afla sér upplýsinga um samfélagsmiðla og kynna fyrir samnemendum og foreldrum. Samtals fjórar kennslustundir, **með undirbúningi, kynningu þar sem öðrum er kennt á forritið (eða afmarkaðan hluta þess) og endurgjöf.**

Markmiðið er að nemandi geti:

- nýtt hugbúnað við miðlun þekkingar á fjölbreyttan og skapandi hátt,
- nýtt hugbúnað/forrit og önnur gögn við upplýsingaleit,
- unnið á skapandi og gagnrýninn hátt, sjálfstætt og með öðrum.

Fyrirkomulag:

1. Fimm nemendur vinna saman og ákveða í sameiningu hvernig best sé að kynna og kenna öðrum á samfélagsmiðilinn.
2. Mikilvægt er að búa til glærur sér til stuðnings sem notaðar eru þegar forritið er kynnt fyrir samnemendum (og síðar foreldrum).
3. Skila glærunum inn á Google Classroom fyrir kynninguna.
4. Kynning á að taka 8 -10 mínútur og hver kynningarhópur fær eina fartölvu og spjaldtölvur eftir þörfum
5. Sjálfsmat og jafningjamat á vinnu í hópnum, sem og jafningjamat á kynningu.

Það sem þarf m.a. að kynna sér og koma fram í kynningunni er:

- Fullt nafn þeirra sem voru í hópnum.
- Nafn samfélagsmiðils.
- Hve algengt er að þessi samfélagsmiðill sé notaður af ungu fólki?
- Hvernig virkar þessi samfélagsmiðill? Helstu notkunarmöguleikar?
- Hver er helsti munurinn á þínum samfélagsmiðli og öðrum?
- Hverjir eru kostirnir við samfélagsmiðilinn (hvernig nýtist hann vel)?
- Hvað ber að varast við notkun samfélagsmiðilsins?